



ORKUSTOFNUN

Tilgangur með sýnatöku og efnagreiningum  
á vatni, þéttivatni, gasi og óþéttanlegum  
gufuhluta er þríþættur

Jón Benjamínsson

Greinargerð JBen-86-01

Tilgangur með sýnatöku og efnagreiningum á vatni, þéttivatni, gasi og ópéttanlegum gufuhluta er þríþáttur:

Í fyrsta lagi eftirlit með holum sem eru blásandi eða í rekstri; einkum með tilliti til tæringa- og útfellingahættu ásamt efnajafnvægi hitastigs háðra þátta.

Í annan stað ráðgjöf vegna daglegs eftirlits vegna meðburðar, gasstyrks og sýrustigs sem og notkun og stilling mælitækja. Ennfremur ráðgjöf í sambandi við fyrsta lið hér að framan.

Í þriðja lagi gerð líkans af járðhitakerfinu með tilliti til staðsetningar nýrra hola.

Fram til þessa hefur járðefnafræðileg virna aðallega einkennist af því ástændi sem skapast hefur vegna eldsumbrota og öflunar nægilegrar gufu og hefur áhersla því verið mikil á þriðja lið hér að ofan. Miklum gögnum hefur verið safnað sem tiltæk eru til úrvinnslu. Af framan-greindum ástæðum hefur úrvinnsla eldri gagna orðið heldur útundan. Helstu þættir sem leggja þarf áherslu á í úrvinnslu eldri gagna og koma að miklum notum í eftirliti eru sem hér segir.

### Útfelling

kalsít Nokkrar holur hafa stíflast í Kröflu vegna útfellinga.  
opal Fyrst og fremst er um kalsítútfellingar að ræða og hefur  
járnsúlfíð það sýnt sig að fyrir KJ-9 gildir, að magn útfellinga er  
jafnt margfeldi rennslis og mismunari Ca-styrks við holutopp  
og í djúpsýni. Gera þyrfti jafnvægisreikning fyrir kalsít  
í vatnsríkum holum (KJ-3A, KG-5, KJ-7, KJ-11, KJ-13, KJ-21  
og KJ-22) og þeim sem kalsítútfellingar hafa fundist í  
(KJ-3A) með tilliti til suðu við nokkur hitastig. Bera  
þyrfti þessa reikninga saman við niðurstöðuna úr KJ-9 og á  
þann hátt reyna að sjá fyrir um möguleika á útfellingu  
kalsíts og þá hve langan tíma það tekur hugsanlega útfell-  
ingu að valda truflunum í rekstri.

Kísilútfellingar hafa fundist í holum KJ-7 og KG-10 og þá  
saman með járnsúlfíði en það er talið hvata útfellingu

kísils. Gera þyrfti yfirlit um rekstur þessara hola þann tíma sem þær voru að stíflast og hafa til samanburðar við rekstur hola sem járn mælist í (s.s. KJ-15).

### Tæring

sýrustig klóríð klórvetni Tæring af völdum klórvetnis í KG-12 olli alvarlegum rekstrartruflunum á sínum tíma. Gera þyrfti yfirlit um rekstrarferli holunnar þann tíma til að auðvelda samanburð ef minnsti grunur yrði uppi um slikt. Sérstaklega þyrfti að athuga holur sem komið hafa með klóríórikt renni s.s. KJ-7, KJ-13A, KG-12 og KJ-20.

### Kvikuáhrif

sýrustig CO<sub>2</sub>/H<sub>2</sub>S radon Kvikuáhrif hafa verið allmikil og afdrifarík. Koma þau einkum frá auknum gasstyrk og lækkun á sýrustigi svo og mikilli aukningu radons. Hlutfall CO<sub>2</sub>/H<sub>2</sub>S hefur verið notað sem vísir um kvikuáhrif. Tímabært er að taka þessa þætti saman úr eldri gögnum til könnunar á hvort óhætt munir að hefja vinnslu á ný úr efra Leirbotnasvæðinu. Ennfremur að kanna hvort kvikugasáhrifin komi fram í öðrum efnaþáttum. Niðurstöður úr radonmælingum má jafnframt nota til að meta leiðni svæðisins.

### Kólnum

efnahitar Mikilvægur þáttur í rekstri jarðhitasvæða er vitneskja um hvort svæðið er að kólna - með öðrum orðum hvort of mikið sé tekið úr svæðinu. Þetta er hægt að sjá með reikningi á ýmsum hitastigsháðum efnasamböndum er einu nafni nefnast efnahiti. Ennfremur hefur munur í mældum varma og kísilvarma verið notaður til að greina að efra og neðra kerfi. Styrkur klóríðs og hlutfallið Cl/F koma að gagni, einkum til að sjá innstreymi annars vatns inn í kerfið. Ísótópar segja til um uppruna og ennfremur getur hlutfall súrefnissamsætna sagt til um minnkandi efnahvörf milli vatns og bergs.

Flestir holanna hafa blásið meira og minna í 5-10 ár og miklum gögnum hefur verið safnað, sem bíða úrvinnslu. Tímabært þykir því að kanna hvort kólnumarmerki finnist í efnainnihaldi holanna.

Hér að framan hefur verið getið nokkurra helstu úrvinnsluþáttar sem byggja á fyrirliggjandi gögnum og koma að beinum sem óbeinum notum við gufuvinnslu á svæði Kröfluvirkjunar. Varhugavert væri að draga úr umfangi jarðefnafræðilegra rannsóknar í Kröflu án undangenginnar úttektar á fyrirliggjandi gögnum svo sem lýst er hér að framan.

Í töflu 1 er listi yfir þau efni sem greind eru og á mynd 1 er sýnt með súlum tilgangur og fjöldi sýna til efnagreininga 1974-1985.

Tafla 1 Efnagreiningar

Sýnis- hluti	Merk- ing	Alltaf greint	Stundum greint
Óþettanlegt gas	g	CO <sub>2</sub> , H <sub>2</sub> S, H <sub>2</sub> , CH <sub>4</sub> N <sub>2</sub> , O <sub>2</sub> , Ar	Rn, ísótópahlutföll(C, S, H, O, He)
Gufa (óþéttanlegt gas+þéttivatn)	s	CO <sub>2</sub> , H <sub>2</sub> S -----	Hg
þéttivatn	b	CO <sub>2</sub> , H <sub>2</sub> , S, Na -----	Rn, B, As, ísótópahlutföll(H, O, He)
Vatn	v	pH, CO <sub>2</sub> , H <sub>2</sub> S, Na, K, Ca, Mg SO <sub>4</sub> , Cl, F, SiO <sub>2</sub> , Upp- leyst efni, leiðni	Al, As, B, Hg, PO <sub>4</sub> íisótópahlutföll(H, O, S)

Undirstrikuðu efnin eru greind í Kröflu

JHD-JEF-6607. HÁ/JBen  
1 - 84.II.1427. Sy.J.

KRAFLA. Sýni til efnagreininga 1974-1985

